

Heilbrigði íslenska hestsins

Góð meðferð, umhirða og aðbúnaður hrossa eru forsendur velferðar og heilbrigðis. Eigendur bera ábyrgð á að hross hafi ævinlega nóg að éta og aðgang að hreinu drykkjarvatni. Þeir skulu fylgjast með holdafari og heilbrigði hrossa sinna og leita þeim lækninga ef með þarf. Öll notkun á hrossum til reiðar þarf að standast kröfur um dýravern.

Íslenski hrossastofninn hefur að mestu sloppið við alvarlega smitsjúkdóma. Sú staða er afar mikilvæg fyrir allt hrossahald og hrossaræktina sem atvinnugrein. Engin höft eru á hestastarfsemi hér innanlands og hin góða sjúkdóma- staða liðkar mjög fyrir útflutningi hrossa. Heilbrigð hross þola vel að ganga úti allan veturinn, hafi þau nóg að bíta og brenna, og líður raunar hvergi betur. Öflugar smitvarnir, sem felast í banni við innflutningi lifandi hrossa, notaðra reiðtygja og sóttþreinsun reiðfatnaðar sem notaður hefur verið erlendis, gegna lykilhlutverki við að viðhalda heilbrigði hrossastofnsins.

Hestainflúensa, kverkeiðlabólga og alvarlegar herpessýkingar (týpa 1) eru dæmi um smitsjúkdóma sem aldrei hafa greinst hér á landi en gætu valdið óbætanlegu tjóni á hrossastofninum. Ábyrgð á smitvörnum liggur hjá hestamönnum ekki síður en stjórnvöldum og brýnt að þeir kynni sér reglur og fyrirbyggjandi aðgerðir til að tryggja áframhaldandi heilbrigði hrossastofnsins.

Ein algengasta orsök hópsýkinga



Morgunblaðið/RAX

Rok Það getur verið næðingssamt á Íslandi. Það þekkja hrossin.

Í hrossum hér á landi er salmonellusýkingar en sérlega illvíg sýking af völdum *Salmonella typhimurium* kom nýlega upp í hópi 44 hrossa á vetrarfóðrun undir Esjurótum. Uppruni sýkingarinnar er enn óþekktur en vonir standa til að tekist hafi að hindra útbreiðslu smitefnisins.

Viðbrögð við smitsjúkdómum og aðrir þættir sem hafa áhrif á velferð hrossa verða til umræðu á fræðslufundi Matvælastofnunar (MAST) sem haldinn verður á Stórhöfða 23, Þriðjudaginn 27. janúar kl. 15:00-16:00.

Dr. Sigríður Björnsdóttir, dýralæknir hrossasjúkdóma hjá Matvælastofnun.


TEGLAR

Nánari umfjöllun á www.mast.is



Morgunblaðið/Ómar

Hross Hestaeigendur bera ábyrgð á að hross hafi ævinlega nóg að éta og aðgang að hreinu drykkjarvatni.



Morgunblaðið gefur út glæsilegt sérblað um

tísku og förðun

föstudaginn 20. febrúar 2009